

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Berghylur, landnr. 166724.

Deiliskipulagið tekur til alls 3,6 ha svæðis í landi Berghyls, landnr. 166724. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum byggingarreitum fyrir allt að 1.000 m² gripahús annars vegar og allt að 700 m² smiðju hins vegar. Einnig eru afmarkaðar ein 1.050 m² íbúðarlóð þar sem heimilað er að reisa allt að 367 m² 2ja hæða íbúðarhús og fjórar 651 m² lóðir þar sem heimilað er að reisa eitt allt að 98 m² gistihús fyrir ferðaþjónustu á hverri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2019